



Til bæjarráðs

Kópavogi, 17. október 2023
23092061/005.05

Efni: Svar við fyrirspurn frá bæjarfulltrúum minnihluta um stöðu Héraðsskjalasafns Kópavogs.

Á dagskrá bæjarráðs þann 21. september sl. var eftirfarandi spurningum beint til bæjarstjóra af hálfu minnihluta bæjarráðs:

- 1. Hvernig er viðræðunefnd Kópavogsbæjar við Þjóðskjalasafnið skipuð, hversu margir fundir hafa verið og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar? Óskað er afrits af fundargerðum/minnispunktum úr viðræðunum.**

Þjóðskjalasafn Íslands fundaði með bæjarritara, bæjarlögmanni og skjalastjóra Kópavogsbæjar þann 8. maí 2023 og aftur með bæjarritara og bæjarlögmanni 13. september. Þá sendi Þjóðskjalasafn spurningalista um safnkost Héraðsskjalasafns Kópavogs þann 10. maí sem var svarað 13. júní.

Engar ákvarðanir hafa verið teknar en Þjóðskjalavörður hefur sent drög að áætlun um tilfærslu verkefna og safnkosts sem er í rýni hjá héraðskjalaverði.

- 2. Hvernig stendur Kópavogsbær vörð um faglega þekkingu á skjölum og upplýsingaöryggi þeirra við undirbúning að flutningi verkefna?**

Starfsmenn Þjóðskjalasafns og héraðskjalasafns munu hafa yfirumsjón með flutningum og tryggja upplýsingaöryggi skjalana. Gerð verður sérstök MÁP greining (mat á áhrifum á persónuvernd) á verkefninu og að henni lokinni verður hægt að svara þessari spurningu með ítarlegri hætti.

- 3. Hvenær má búast við að flutningur gagna hefjist og hvenær á honum að vera lokið?**

Samkvæmt drögum að aðgerðaráætlun um tilfærslu verkefna og safnkosts til Þjóðskjalasafns er lagt til að 1. janúar 2024 færist tiltekin verkefni yfir til Þjóðskjalasafns, einkum rafræn skil og rafrænn safnkostur. Tímasetning á yfirfærslu



safnkosts héraðsskjalasafnsins liggur ekki fyrir þar sem enn vantar upplýsingar frá héraðsskjalasafni sem varðar frágang skjala, umbúðir, skjalaskrár og fleira.

4. Hversu mikið magn skjala mun flytjast og hvernig verður umbúnaður þeirra fyrir flutning?

Heildarumfangi héraðsskjalasafnsins er, samkvæmt afhendingarskrá, 1951,672 hillumetrar. Af þessum hillumetrum eru 1488,563 hillumetrar frá afhendingarskyldum aðilum og 463,1089 hillumetrar einkaskjalasöfn.

Þjóðskjalasafn gerir þá kröfu að pappírsskjalasafninu verði komið í umbúðir sem uppfylli kröfur um langtímavarðveislu fyrir flutning. Kössunum verður komið á vörubretti og flutt á milli safna.

5. Hefur starfsmönnum Héraðsskjalasafns Kópavogs verið sagt upp?

Starfsmönnum hefur ekki verið sagt upp. Einn starfsmaður sagði upp og fór til annarra starfa í lok sumars.

6. Hefur verið gerð breyting á störfum og verkefnum starfsmanna héraðsskjalasafnsins til að fylgja eftir ákvörðun um að leggja safnið niður og undirbúa flutning safnkostsins?

Starfsemi héraðsskjalasafns er óbreytt að því undanskyldu að ekki er tekið á móti nýjum skjölum.

7. Hver er hlutur starfsmanna héraðsskjalasafnsins í undirbúningi Kópavogsbæjar að flutning safnkosts og skjala Kópavogsbæjar til Þjóðaskjalasafns?

Starfsmenn héraðsskjalasafnsins gegna mikilvægu hlutverki í þessu verkefni hvað varðar uppýsingagjöf og aðstoð við greiningu safnkostsins og þökkun hans. Hlutverk þeirra verða skilgreind nánar í verkáætlun sem unnin verður í samstarfi við Þjóðskjalasafn.

8. Eru fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að persónuupplýsingar fari ekki forgörðum og að ekki skapist hætta á ólögmætum aðgangi að upplýsingum?

Að þessu verður gætt sérstaklega og helstu áhættur greindar í MÁP greiningu.

9. Hvaða aðstaða hefur verið tryggð fyrir einkasöfn í vörslu héraðsskjalasafnsins, ljósmyndasafn Kópavogs og Sögufélag Kópavogs?

Það liggur ekki fyrir á þessari stundu en verið er að vinna tillögur að breytingum á 1. hæð bókasafnsins, þar sem Náttúrufræðistofan er til húsa.

10. Hvaða kostnaðargreiningar og kostnaðaráætlanir liggja fyrir?



- a. **Kostnaður til Þjóðskjalasafns (ríkisins) annars vegar vegna viðtöku fyrirbyggjandi skjala og vörslu þeirra og hins vegar móttöku og vörslu skjala framtíðarinnar.**
- b. **Kostnaður innan Kópavogsbæjar t.d. vegna uppgjörs við starfsfólk og frágangs húsnæðis og búnaðar?**

- a. Ekki er unnt að meta kostnað við yfirfærsluna þar sem hún er byrjunarstigi. Starfsmenn Þjóðskjalasafns eiga eftir að heimsækja héraðsskjalasafnið og leggja mat á ýmsa hluti sem hafa áhrif á vinnu og kostnað við yfirfærsluna. Þá er gjaldskrá Þjóðskjalasafns í endurskoðun hjá menningar- og viðskiptaráðherra og hefur ráðherra óskað eftir gjaldskárheimild frá þinginu.

Eftirfarandi liggur hinsvegar fyrir af hálfu Þjóðskjalasafnsins: „Við flutning safnkostsins fellur til kostnaður vegna flutnings skjala í geymslur Þjóðskjalasafns, mögulega grisjun skjala og hreinsun sem Kópavogsbær stendur straum af. Ekki liggja fyrir upplýsingar frá Héraðsskjalasafni Kópavogs um þessa þætti. Þó má reikna með að flytja þurfi safnkostinn á um 150 vörubrettum í geymslur Þjóðskjalasafns. Umfang safnkosts Héraðsskjalasafns Kópavogs 1488,563 hillumetrar. Reiknað er með að 10 hillumetrar af skjölum komist á hvert vörubretti. Reiknað er með að það taki um 2 vinnustundir fyrir einn starfsmann að gera hvert vörubretti tilbúið til flutnings og raða svo skjölum af brettinu í hillur í Þjóðskjalasafni. Því má reikna með um 300 vinnustundum vegna flutnings skjalanna. Auk þess fellur til kostnaður við flutning vörubretta með flutningabílum. Auk þess gæti fallið til kostnaður ef í safnkostinum eru skjöl sem mætti grisja eða gögn sem mætti hreinsa. Þær upplýsingar liggja ekki fyrir frá Héraðsskjalasafni Kópavogs.“

- b. Hvað varðar uppgjör við starfsfólk hefur sú greining ekki farið fram og er ekki tímabær þar sem ekki liggur fyrir hvort starfsmenn færist yfir til Þjóðskjalasafns. Af hálfu bæði Kópavogsbæjar og Þjóðskjalasafns er lögð áhersla á að ekki verði þjónusturof og að starfsfólk héraðsskjalasafnsins geti fylgt verkefnum yfir til Þjóðskjalasafns ef kostur er. Kostnaður við frágang á húsnæði liggur heldur ekki fyrir né hefur verið tekin ákvörðun um framtíð þess.

Frekari upplýsingar má finna í meðfylgjandi drögum að aðgerðaráætlun.

Virðingarfyllst,


Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri

